

Stykkishólmsbær  
Sigurður Grétar Jónasson  
Hafnargötu  
340 Stykkishólmur

Reykjavík, 8. desember 2022  
UST202211-159/A.B.  
10.04.01

**Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 og nýtt deiliskipulag – Grænn iðngarður við Kallhamar og stækkun athafnasvæðis við Hamraenda**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Stykkishólms er barst 21. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 og nýtt deiliskipulag vegna græns iðngarðs við Kallhamar og stækkun athafnasvæðis við Hamraenda.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreint er nýtt athafnasvæði við Kallhamar (A5) ásamt hafnaraðstöðu og stækkun athafnasvæðis við Hamraenda (A1). Minnkar óbyggt svæði í aðalskipulagi sem því nemur. Tilgangur breytingarinnar er að mæta eftirspurn eftir atvinnulóðum, m.a. í tengslum við áform um nýtingu þara og sjávargróðurs. Auk þess segir að markmið breytingarinnar sé að móta stefnu um grænan iðngarð með hugmyndafræði um hringrásarhagkerfi að leiðarljósi. Í því felst áhersla á fullnýtingu afurða og sköpun nýrra afurða úr hráefni sem fellur til sem úrgangur eða aukaafurð í annarri framleiðslu.

**Hringrásarhagkerfi**

Í greinargerð kemur fram að markmið breytingarinnar sé að móta stefnu um grænan iðngarð með hugmyndafræði um hringrásarhagkerfi að leiðarljósi. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hvernig hugmyndafræðin verði framsett og hvernig staðið verði að meðhöndlun úrgangs.

Umhverfisstofnun bendir á að umhverfisráðherra gaf út, í júní 2021, nýja stefnu í úrgangsmálum sem nefnist *Í átt að hringrásarhagkerfi*. Meginmarkmið stefnunnar eru m.a. að stuðla að sjálfbærri auðlindanýtingu með því að auka endurvinnslu og aðra endurnýtingu úrgangs, draga úr urðun og hætta urðun lífbrjótanlegs úrgangs.

Þegar kemur að innleiðingu hringrásarhagkerfis, í úrgangsmálum á Íslandi, er um að ræða tvær stefnur ráðherra sem mynda sameiginlega heildarstefnu í úrgangsmálum. Annars vegar stefna um úrgangsförvarnir, sem kom út í fyrsta sinn árið 2016 undir heitinu *Saman gegn sóun*, og hins vegar stefnan um meðhöndlun úrgangs. Saman mynda þessar stefnur eina heildarstefnu í úrgangsmálum sem nefnist: *Í átt að hringrásarhagkerfi*. Sú stefna kemur í stað landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs 2013–2024, í samræmi við breytingar sem gerðar voru árið 2014 á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.

## **Breiðafjörður**

Í greinargerð er fjallað um lög um verndun Breiðafjarðar og verndaráætlun fyrir svæðið. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að verkefnið sé í samræmi við verndarmarkmið laganna og rýri ekki verndargildi Breiðafjarðar.

## **Umhverfisþættir**

Umhverfisstofnun telur þá umhverfisþætti sem meta á vera viðeigandi. Einnig þarf að fjalla um og meta eftirfarandi þætti.

*Vistkerfi;* Umhverfisstofnun telur að meta þurfi í tillögunni hver áhrif nýtingar þara og sjávargróðurs eru á vistkerfi sjávar.

*Fráveita;* Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um fyrirkomulag fráveitu í deiliskipulaginu. Kröfur um hreinsun á fráveituvatni eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Meginkrafa um hreinsun á skólþi er tveggja þrepa hreinsun nema þar sem heimiluð er minni hreinsun eða þörf er á meiri hreinsun (viðkvæm svæði). Hafa þarf samráð við heilbrigðiseftirlit um fyrirkomulag hreinsunar.

*Vatn;* Auk þess telur Umhverfisstofnun að fjalla þurfi um vatnstöku og vatnsnýtingu og áhrif hennar. Umhverfisstofnun vill einnig benda á að samkvæmt vatnaáætlun (lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011) eiga öll vatnshlot að ná umhverfismarkmiðum sínum um að minnsta kosti gott ástand. Við fyrirhugað atvinnusvæði liggur vatnshlotið Vestan Stykkishólms nr. 101-1392-C en samkvæmt lögnum má ástand vatnshlota ekki rýrna. Gerist slíkt þarf að setja fram aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotið með það að markmiði að bæta ástandið. Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

*Fuglalíf;* Einnig þarf að fjalla um áhrif tillögunnar á fuglalíf og búsvæði þeirra þar sem svæðið er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði. Mikilvægt er að gætt sé að því að úrgangur frá starfsemi og næringarefni við útrás frárennslis laði ekki að sér fugla og hafi þannig neikvæð áhrif á fuglalíf.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir  
*sérfræðingur*